


Deiliskipulag v/fristundabyggðar Þverá I Eyjafjarðarsveit




Deiliskipulag - mkv. 1:1000



Aðalskipulag - mkv. 1:15 000

Deiliskipulag betta sem hefur fengið meðferð skv. lögum nr. 73/1997

var samþykkt í sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar þann 29.03.2005



Skýringar:

- Skipulagsmörk
- 2 m hæðarlínur
- 10 m hæðarlínur
- - - - Landamerki
- - - Byggingarreitir

- Umferðarsvæði, götur
- Lóð fyrir fristundahús
- Núverandi byggðar

Greinargerð

Forsendur skipulags

Samkvæmt auglýstu breyttu aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar frá 27.02.2004, er gert ráð fyrir ellefu fristundarhúsum á afmarkari lóð á hluta jarðarinnar Þverá I í Eyjafjarðarsveit. Sami eigandi er að Þverá I og hinni afmörkuðu lóð. Á árunum 1996-2000 var byggður upp níu holu golfvöllur á svæði norðan við lóðina fyrir fristundahúsini í landi Þverár II.

Almennt um svæðið

Lóðin er austan Eyjafjarbrautar eystri nr. 829 og er að mestu tún með smá óræktar eyjum og er landhalli nokkur mótt norðri og norðvestri. Hefðbundnum búskap var hætt á Þverá I haustið 2003.

Byggingarskilmálar

Um byggingar að lóð þessari gilda öll ákvæði laga og reglugerða sem við eiga. Sveitarstjórn mun ákvæða byggingarfrest eftir að framkvæmdir hefjast og setja nánari ákvæði um hvenær hús skulu vera fokheld og frágengin utan og frágangur á lóð og lóðamörkum lóði. Séð skal fyrir a.m.k. tveimur bílastæðum við hvem byggingarreit innan lóðarinnar. Á byggingarlóðinni er heimilt að reisa sjö fristundahús.

Hámarksstærð grunnflatar fristundahúsa er 90 m². Húsin skulu vera á einni hæð, þó er heimilt að vera með svefnloft yfir aðalhæð. Staðsetning húsa innan byggingarsins er frjáls, en skilyrt er að minnsta bil á milli húsa fari ekki undir 27 m. Mesta leyfilega veghæð nýbygginga er 3.0 metrar og mesta leyfilega mænishæð er 5.35 metrar frá gólfí aðalhæðar og þakhalli aðalþaks skal vera á bilinu 15° - 35°. Þakform hússanna skal vera tvíhalla, og mænisstefna þeirra taki mið af stefnu hvors annars. Véga þess að eignarhald hússanna er á sömu hendi, skulu aðalþök þeirra allra innan lóðarinnar hafa sómu stefnu. Skilmálar um þakform og stefnu húsa miða að því að ákvæði samræmi verði meðal þeirra innan svæðisins, þannig að þau virki sem ein heild.

Áriðandi er að fram komi á aðaluppráttum hvernig fristundahúsini og útipallar við þau eru aðlagðar að númerandi landi. Rík áhersla er lögð á að halda jarðraski í lágmarki við staðsetningar og útsetningu á húsunum. Visað er í verklagsreglur sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar um deiliskipulag á vegum einkaðila dags. 1. okt. 2002, eftir því sem við á.

Hönnun og upprættir
Uppdrætti vegna bygginga á svæðinu skal leggja fyrir Byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis.

Frágangur lóðar og mannvirkjagerð á lóðarmörkum

Á aðaluppráttum skal auk húsa sýna öll önnur fyrirhuguð mannvirki á lóðinni, svo sem bílastæði, göngustíga, stoðveggi, girðingar og skjólveggi og skal gerð grein fyrir hæðarlegu lóðar í kringum húsin. Lóðarhafi sé um uppbyggingu og umsjón með götum að og innan lóðarmarka á sinn kostnað.

Rafmagn, hitaveita, vatn og fráveita

Hlíta skal skilmálum Heilbrigðiseftirlits Norðurlands-eystra í umboði sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar um frárennslu, svo og skilmálum veitustofnana um heimtaugur. Gert er ráð fyrir sameiginlegri rotþró fyrir öll húsin og og áætluð staðsetning synd á meðfylgjandi upprætti. Neyslувatn verður tekið úr vatnslögn við önnur mannvirkni á Þverá. Brunavatn er sótt í ána Þverá ytri sem rennur skammt norðan við svæðið.

Jarðrask upprörfur og fl.

Öheimilt er að nota annað svæði en hina úthlutuðu lóð undir uppröft úr húsgrunnum, byggingarefni og annað sem að byggingstarfsemi lýtur eða gera jarðrask utan lóðarmarka án leyfis landeiganda.

BÚNAÐARSAMBAND EYJAFJARDAR

DEILISKIPULAGSVINNA UNNIN í SAMVINNU ARKITEKTASTOFNUNAR FORM OG BÚNAÐARSAMBOÐS EYJAFJARDAR

Þverá I, Eyjafjarðarsveit

verk:	teknad ÁH og GHG	kvarði: 1:1000
efnt DEILISKIPULAG - DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR.		
dag: 16.04.2004	a: 06.09.2004	b: 20.10.05
c:	d:	e:
blad: 1		
form		
ARKITEKTAR HÖNNUDIR		
ÁRNI ÁRNASON húsgagna- og Innanhússarkítekt FH AGUST HAFSTEINSSON arkitekt FAI		
KAUPANGI v/MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 462-6099 NETFANG: formenett.is		